



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins við fyrirspurn um akstursstefnu á Sólvallagötu og Ásvallagötu, austan Hofsvallagötu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. ágúst 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur samþykkti meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar að tekinn yrði upp einstefnuakstur á Sólvallagötu og Ásvallagötu, austan Hofsvallagötu. Meirihlutinn felldi tillögu Sjálfstæðisflokksins um að málið yrði kynnt fyrir íbúum Sólvallagötu og Ásvallagötu og þeim gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar áður en þær yrðu teknar til endanlegrar afgreiðslu. Í bókun meirihlutans um málið kemur fram að það byggist á frumkvæði íbúa. Óskað er eftir því að öll gögn málsins verði lögð fram á næsta fundi umhverfis- og skipulagsráðs. Þar komi m.a. fram upplýsingar um áðurnefndar óskir og hversu margir íbúar standi á bakvið það. Einnig verði lögð fram öll gögn málsins frá þeim tíma þegar hugmyndir um einstefnuakstur í umræddum götuköflum (öðrum hvorum eða báðum) hafa áður verið til skoðunar, 2017 og fyrr. Árið 2017 kynnti Reykjavíkurborg hugmyndir um einstefnuakstur í umræddum götuköflum sérstaklega fyrir viðkomandi íbúum. Þá var fallið frá umræddum hugmyndum vegna andstöðu íbúa. Spurt er:

1. Af hverju ekki var efnt til íbúakynningar um málið nú eins og gert var árið 2017 heldur tillaga um einstefnu keyrð í gegn á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 28. júní sl. án þess að viðkomandi íbúar hefðu hugmynd um hana?
2. Af hverju voru athugasemdir íbúa við Ásvallagötu og Sólvallagötu frá árinu 2017, vegna hugmynda um einstefnuakstur á umræddum götuköflum, ekki kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði áður en ný tillaga var lögð fyrir ráðið á síðasta fundi þess?
3. Af hverju voru umsagnir yfirverkfræðings umferðardeildar Reykjavíkurborgar um málið ekki kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði áður en ákvörðun var tekin? Til dæmis umsögn hans frá 16. október 2017 þar sem fram kemur að líklegt sé að umferð, umferðarhraði og óhappatíðni muni aukast í umræddum götuköflum, verði slík einstefna tekin upp þar?

Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 23. ágúst 2023.

Svar við fyrirspurn:

Tillagan sem lögð var fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 28. júní síðastliðinn byggði á tillögu sem kynnt var íbúum Ásvallagötu og Sólvallagötu 2017. Frá þeim tíma hafa reglulega



borist póstar frá íbúum, sem við nánari skoðun reyndust allir vera við Ásvallagötu, sem kallað hafa eftir því að tillögunni sé fylgt eftir. Ekkert í gögnum málsins frá 2017 benti til þess að hörð andstaða væri meðal íbúa um tillögu um einstefnu á Ásvallagötu og Sólvallagötu. Þá bárust athugasemdir frá 9 aðilum en líklega fór bréfið inn á á annað hundrað heimili. Einhverjir þeirra höfðu áhyggjur af hraðaakstri í kjölfar þess að gerð væri einstefna en flestir voru fylgjandi einstefnu, þrátt fyrir áhyggjur af umferðaröryggi. Þar er heldur ekki að finna upplýsingar um hvers vegna tafðist að fylgja málinu eftir og leggja fram tillögur í samræmi við bréfið sem fór út til íbúa. Gögn málsins frá 2017 eru vistuð undir málanr. USK2017070020 og US170203 og fylgja með svarinu.

Eftir samþykkt ráðsins núna í júní höfðu nokkrir íbúar samband til að lýsa yfir óánægju með þessa ákvörðun en líka aðrir sem hafa áhyggjur af því að það bóli ekkert á merkingunum núna þegar veturinn nálgast og hafa þá áhyggjur af því að enn einn veturinn gangi í garð þar sem ekki verði unnt að sinna vetrarþjónustu í götunni. Við þessi samskipti kom fram að íbúar við Sólvallagötu hefðu árið 2017 verið ósáttir við tillöguna sem kynnt var íbúum og hafið söfnun undirskrifta til að mótmæla. Undirskriftunum hafi samt ekki verið skilað inn þar sem þeir fengu upplýsingar um að fallið hefði verið frá því að leggja fram tillöguna. Því miður fundust ekki heimildir um þetta áður en tillagan var lögð fram núna í júní.

Í ljósi þessa var ákveðið að endurtaka könnun meðal íbúa. Send var símakönnun (SMS) til hluta íbúa en þeir sem ekki voru með símanúmer á skrá fengu bréf (póstkönnun). Voru niðurstöðurnar afgerandi. Íbúar Ásvallagötu voru hlyntir því að gatan yrði einstefnugata en íbúar Sólvallagötu kusu að gatan væri áfram tvístefna.

	Einstefna	Tvístefna
Ásvallagata	70% - 80%	20% - 30%
Sólvallagata	10%-15%	85%-90%

Í ljósi niðurstaðna þessarar könnunar verður lögð fram ný tillaga þar sem gert verður ráð fyrir að Sólvallagata milli Hofsvallagötu og Hólatorgs verði áfram tvístefnugata með bílastæði samsíða götunni sunnan til. Ekki er tilefni til að falla frá ákvörðun um að Ásvallagata milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu sé einstefna.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt:

- 1) Bréf til íbúa Sólvallagötu og Ásvallagötu 2017
- 2) Samantekt viðbragða við athugasemdum íbúa 2017



Kynningarbréf til íbúa á svæði sem afmarkast af Hringbraut, Hofsvallagötu, Landakotshæð og Suðurgötu.

Til skoðunar er að setja einstefnu fyrir umferð á Ásvallagötu til vesturs á milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu og einnig að hafa einstefnu umferðar á Sólvallagötu til austurs á milli Hofsvallagötu og Ljósvallagötu (Hólatorgs). Rétt er að taka fram að einstefna er háð samþykki lögreglustjóra.



Ábendingar hafa borist um þrengsli sem skapast þegar bílum er lagt beggja vegna götu, sérstaklega að vetri til. Bæði Ásvallagata og Sólvallagata eru 7-8 m breiðar. Sú breidd leyfir ekki að bílum sé lagt við báða kanta eða lagt á ská og jafnframt verið með óhindraða tvístefnu fyrir umferð bíla.



Við Ásvallagötu, á umræddum götukafli, búa um 250 íbúar í 117 íbúðum. Bílastæði í götunni við núverandi aðstæður, þ.e. ef ekki er lagt þannig að það hindri umferð, eru um 40 og á lóð eru um 8, þ.e. 0,41 stæði á íbúð. Ef tekin verður upp einstefna geta bílastæði í götu orðið um 70 við báða kanta.

Við Sólvallagötu, á umræddum götukafli, búa um 110 íbúar í 64 íbúðum. Bílastæði í götunni eru um 31 við núverandi aðstæður og á lóð eru um 8 stæði, þ.e. 0,60 stæði á íbúð. Ef tekin verður upp einstefna geta bílastæði í götu orðið um 60 við báða kanta.

Jafnframt þessum breytingum verður horft til þess að gera þessar götur gjaldskyldar. Forsenda þess að mögulega taka upp gjaldskyldu og íbúakort fyrir bílastæði, eins þegar hefur verið gert við Brávallagötu og Ljósvallagötu, er að skipulag bílastæða sé engum vafa bundið.

Ókostur við einstefnu er að umferð færir til, umferðarhraði gæti aukist og óhappatíðni er meiri í götum þar sem er einstefna.

Áætluð umferð á Sólvallagötu er lítil, eða um 200 bílar á sólarhring, en með einstefnunni mun umferð standa í stað eða minnka næst Ljósvallagötu.

Umferð á Ásvallagötu er áætluð um 700 bílar á sólarhring næst Ljósvallagötu en um 1400 næst Hofsvallagötu. Áætlað er að umferð á Ásvallagötu mun aukast um u.þ.b. 10% með einstefnunni.

Þeir sem þess óska geta sent inn athugasemdir á netfangið skipulag@reykjavik.is eða bréflega til umhverfis- og skipulagssviðs Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Reykjavík 18.08.2017

Stefán Agnar Finnsson,
Yfirverkfræðingur

Kynningarbréf til íbúa á svæði sem afmarkast af Hringbraut, Hofsvallagötu, Landakotshæð og Suðurgötu.

Innkomnar athugasemdir.

Björn Einarsson, [REDACTED]

Ég styð eindregið þessar tillögur...

Svar til Björns:

Sæll Björn
Takk fyrir svarið.

Gunnar Dofri, Sólvallagötu, [REDACTED]

Þakkar fyrir samráð. Styður gjaldskyldu og einstefnu en vill að aðeins verði gert ráð fyrir samsíða bílastæðum að sunnan en hjólastíg að norðan verðu í Sólvallagötu. Sem mótvægi við auknum hraða mætti setja hraðahindranir.

Svar til Gunnars:

Sæll Gunnar
Takk fyrir svarið og ábendingar.
Við munum skoða mögulegar mótvægisaðgerðir vegna slyshættu komi til umræddra breytinga.

Viðar Jónsson, Blómvallagötu, [REDACTED]

Er andsnúinn breytingum og á móti gjaldskyldu vegna þess að starfsfólk færir sig út fyrir gjaldsvæðin. Vill að hugað verði að Hofsvallagötu og Hringbraut.

Svar til Viðars:

„Takk fyrir póstinn og athugasemdirnar.

Við erum ekki sammála því að bifreiðum sem illa er lagt, og sem hindra umferð og yfirsýn, teljist vera „fín hraðahindrun“. Ef ástæða er til að stemma stigu við hraðaakstri og laga yfirsýn er betra að beita hefðbundnum aðferðum, þ.e. hraðahindrunum og þrengingum sem tryggja örugglega lítinn hraða og betri yfirsýn allra vegfarenda.

Bílastæðin við Brávallagötu voru gerð gjaldskyld til þess að starfsfólk á svæðinu legði síður í þeim stæðum. Samhliða fá íbúar kort gegn vægu gjaldi og mega þá leggja í stæðunum. Verið er að bregðast við vandamáli, líkt og víða er gert í íbúðahverfum í miðborginni, þar sem skortur er á bílastæðum. Að sjálfsögðu eru líkur á að starfsfólk færi sig lengra frá, en einhverjir hætta að koma á einkabílum til vinnu.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Og eins og fram kemur í bréfinu er fjöldi bílastæði á íbúð 0,4 - 0,6 stæði við Ásvallagötu og Sólvallagötu þannig að bílastæðaskortur er til staðar nú þegar ef öllum íbúðum við þessar götur fylgir einn bíll. Til upplýsingar þá er aðeins hægt að fá íbúakort fyrir einum bíl á heimili að því tilskyldu að ekki sé fyrir bílastæði á lóð.

Hofsvallagatan og Hringbrautin hafa verið til skoðunar. Bæði hvaða varðar hraðatakmarkandi aðgerðir og eins til að lækka leyfilegan hámarkshraða.“

María Margrét Jóhannsdóttir, Sólvallagötu 6, [REDACTED]

Ekki andsnúin einstefnu en er á móti fjölgun bílastæða sem er í andstöðu við bíllausan lífsstíl. Jákvætt að leita lausna á slæmu ástandi. Gjaldskylda kemur til greina.

Svar til Maríu:

Sæl María

Takk fyrir svarið og ábendingar.

Laufey Guðjónsdóttir og Örn D. Jónsson, Hávallagötu 29,
[REDACTED]

Hafa áhyggjur af aukinni umferð á Hávallagötu. Vilja óbreytt fyrirkomulag eða að einnig verði tekin upp einstefna á Hávallagötu austan Hofsvallagötu.

Svar til Laufeyjar og Gunnars:

Takk fyrir svarið og ábendingar.

Ástæða þess að lagt er til að tekin verði upp einstefna, er til að koma á betra skipulagi bílastæða í Ásvallagötu og Sólvallagötu. Að bílum sé illa lagt, þannig að það hindri umferð, má rekja til skorts á bílastæðum. Við höfum ekki fengið ábendingar um þannig vandamál í Hávallagötu. Einstefna í umræddum götum færir til umferð, þ.e.a.s. umferð eykst annars staðar og það lengjast akstursleiðir, sem er neikvætt. Það er hinsvegar mjög lítil umferð sem mögulega færir af Sólvallagötu með einstefnu yfir á Hávallagötu, þ.e. nokkrir tugir bíla á sólarhring. Sjálfsagt að skoða þann möguleika að Hávallagata verði með einstefnu. Sérstaklega ef gjaldskylda verður komið á fyrir afnot af bílastæðum í götunni.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Kristín Huld Sigurðardóttir, Hávallagötu 33, [REDACTED]

Hefur áhyggjur af aukinni umferð m.t.t. fjölda barna á leið að Landakotsskóla. Bendir á að m.t.t. breiddar Hávallagötu og að bílum er lagt í götunni væri eðlilegt að einstefna væri í Hávallagötu til austurs.

Svar til Kristínar:

Takk fyrir svarið og ábendingar.

Ástæða þess að lagt er til að tekin verði upp einstefna, er til að koma á betra skipulagi bílastæða í Ásvallagötu og Sólvallagötu. Að bílum sé illa lagt þannig að það hindri umferð, eins og sjá má á loftmynd í Borgarvefsjá, má rekja til skorts á bílastæðum. Við höfum ekki fengið ábendingar um þannig vandamál í Hávallagötu. Einstefna í umræddum götum færir til umferð, þ.e.a.s. umferð eykst annars staðar og það lengjast akstursleiðir, sem er neikvætt. Það er hinsvegar mjög lítil umferð sem mögulega færir af Sólvallagötu með einstefnu yfir á Hávallagötu, þ.e. nokkrir tugir bíla á sólarhring. Sjálfsagt að skoða þann möguleika að Hávallagata verði með einstefnu. Sérstaklega ef gjaldskylda verður komið á fyrir afnot af bílastæðum í götunni. Við munum skoða mögulegar aðgerðir á gönguleiðum barna að Landakotsskóla komi til umræddra breytinga.

Una Sveinbjarnardóttir, Ásvallagötu 29, [REDACTED]

Er ánægð með að tekin verði upp gjaldskylda fyrir bílastæði og íbúakort m.a. vegna AirBnb íbúða. Ekki hrifin af einstefnu m.t.t. umferðaröryggis. Tvístefna hægir á umferð.

Svar til Unu:

Takk fyrir svarið.

Samkvæmt núgildandi reglum Bílastæðasjóðs er gjaldskylda bundin við tímabilið 8-16 virka daga. Áhrif á AirBnb gesti verða líklega takmörkuð þess vegna. Við erum ekki sammála því að bifreiðum sem illa er lagt, og sem hindra umferð og yfirsýn getir verið góð lausn til að hægja á umferð. Ef ástæða er til að stemma stigu við hraðaakstri og laga yfirsýn er betra að beita hefðbundnum aðferðum, þ.e. hraðahindrunum og þrengingum sem tryggja örugglega lítinn hraða og betri yfirsýn allra vegfarenda. Komi til þess að tekin verði upp einstefna þá munum huga að aðgerðum, samkvæmt framansögðu, sem auka öryggi gangandi vegfarenda.

Kjartan Magnússon, Ásvallagötu 23, [REDACTED]

Styður gjaldtöku og betra skipulag bílastæða. Spyr hvort ekki megi setja hraðahindranir verði af gerð einstefnu.

Svar til Kjartans:

Takk fyrir póstinn. Við munum skoða gerð hraðahindrana samhliða, verði einstefnur samþykktar.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen, Hávallagötu 21, [REDACTED]

Fjölgun bílastæða gengur gegn marmiðum AR. Skoða stærra svæði. Mun hafa áhrif á Hávallagötu. Ekki á ásættanleg að rýra umferðaröryggi. Jákvætt að taka um gjaldskyldu.

Svar til Sigríðar og Hans-Olav:

Takk fyrir póstinn. Það er ekki sérstakt markmið að fjölga bílastæðum. Ástæða þess að lagt er til að tekin verði upp einstefna, er til að koma á betra skipulagi bílastæða í Ásvallagötu og Sólvallagötu. Betra að hafa hreinar línur í þeim efnum þegar gjaldskylda verður að veruleika.

Það er lítil umferð sem mögulega færir af Sólvallagötu með einstefnu yfir á Hávallagötu, þ.e. nokkrir tugir bíla á sólarhring. Eðlilegt að hafa Hávallagötu með í myndinni verði af breytingum. Við munum skoða mögulegar aðgerðir til að auka öryggi gangandi, sérstaklega á gönguleiðum skólabarna, komi til umræddra breytinga.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Kynningarbréf til íbúa á svæði sem afmarkast af Hringbraut, Hofsvallagötu, Landakotshæð og Suðurgötu.

Til skoðunar er að setja einstefnu fyrir umferð á Ásvallagötu til vesturs á milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu og einnig að hafa einstefnu umferðar á Sólvallagötu til austurs á milli Hofsvallagötu og Ljósvallagötu (Hólatorgs). Rétt er að taka fram að einstefna er háð samþykki lögreglustjóra.



Ábendingar hafa borist um þrengsli sem skapast þegar bílum er lagt beggja vegna götu, sérstaklega að vetri til. Bæði Ásvallagata og Sólvallagata eru 7-8 m breiðar. Sú breidd leyfir ekki að bílum sé lagt við báða kanta eða lagt á ská og jafnframt verið með óhindraða tvístefnu fyrir umferð bíla.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Við Ásvallagötu, á umræddum götukafla, búa um 250 íbúar í 117 íbúðum. Bílastæði í götunni við núverandi aðstæður, þ.e. ef ekki er lagt þannig að það hindri umferð, eru um 40 og á lóð eru um 8, þ.e. 0,41 stæði á íbúð. Ef tekin verður upp einstefna geta bílastæði í götu orðið um 70 við báða kanta.

Við Sólvallagötu, á umræddum götukafla, búa um 110 íbúar í 64 íbúðum. Bílastæði í götunni eru um 31 við núverandi aðstæður og á lóð eru um 8 stæði, þ.e. 0,60 stæði á íbúð. Ef tekin verður upp einstefna geta bílastæði í götu orðið um 60 við báða kanta.

Jafnframt þessum breytingum verður horft til þess að gera þessar götur gjaldskyldar. Forsenda þess að mögulega taka upp gjaldskyldu og íbúakort fyrir bílastæði, eins þegar hefur verið gert við Brávallagötu og Ljósvallagötu, er að skipulag bílastæða sé engum vafa bundið.

Ókostur við einstefnu er að umferð færist til, umferðarhraði gæti aukist og óhappatíðni er meiri í götum þar sem er einstefna.

Áætluð umferð á Sólvallagötu er lítil, eða um 200 bílar á sólarhring, en með einstefnunni mun umferð standa í stað eða minnka næst Ljósvallagötu.

Umferð á Ásvallagötu er áætluð um 700 bílar á sólarhring næst Ljósvallagötu en um 1400 næst Hofsvallagötu. Áætlað er að umferð á Ásvallagötu mun aukast um u.þ.b. 10% með einstefnunni.

Þeir sem þess óska geta sent inn athugasemdir á netfangið skipulag@reykjavik.is eða bréfluga til umhverfis- og skipulagssviðs Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Reykjavík 18.08.2017

Stefán Agnar Finnsson,
Yfirverkfræðingur